



Reykjavík 01.07.2020

Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 varðandi eftirfarandi mál.

**Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Elliðaárvogur - smábátahöfn**

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í maí 2020, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar Elliðaárvog, smábátahöfn. Í breytingunni felst minniháttar breyting á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins er varðar hafnargarð við smábátahöfn Snarfara við Naustavog, í Elliðaárdal. Tillagan var kynnt til og með 24. júní 2020. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir: Hafrannsóknarstofnun dags. 5. júní 2020, Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 5. júní 2020, Bláskógarbyggð dags. 18. júní 2020, Veðurstofa Íslands dags. 22. júní 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. júní 2020, Vegagerðin dags. 24. júní 2020 og Umhverfisstofnun dags. 25. júní 2020. Einnig er lögð fram uppfærð tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í júní 2020, að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er varðar Elliðaárvog, smábátahöfn.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu að aðalskipulagi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:  
Mikilvægt er að umhverfismálin verði skoðuð heildstætt og á framkvæmdatímanum verði tekið tillit til ábendinga Hafrannsóknarstofnunar og Umhverfisstofnunar.*

*Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs dags. í júní 2020, umsagnir: Hafrannsóknarstofnun dags. 5. júní 2020, Skipulags- og umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 5. júní 2020, Bláskógarbyggð dags. 18. júní 2020, Veðurstofa Íslands dags. 22. júní 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. júní 2020, Vegagerðin dags. 24. júní 2020 og Umhverfisstofnun dags. 25. júní 2020.

# AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

## Elliðaárvogur - smábátahöfn

Strandsvæði ST9 – breyting á hafnargarði

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi (drög)

Lögð fram sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis og skipulagsvið

**Breyting nr.31c**  
**Maí 2020**

## Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

\_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

## Efnisyfirlit

1	Gildandi skipulag og helstu forsendur .....	3
2	Markmið og tilgangur breytinga .....	5
3	Breytingartillaga (drög) .....	5
4	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og önnur stefnukjöl .....	5
5	Afgreiðslu- og kynningarferli .....	5
6	Viðauki .....	6

## 1 Gildandi skipulag og helstu forsendur

Á síðastliðnu ári var boðuð umfangsmikil breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem lýtur einkum að endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð, tengslum byggðapróunar við Borgarlínu, húsnæðisstefnu og vaxtarforsendum um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis (sjá verklýsingu, adalskipulag.is). Í verklýsingunni var einnig tekið fram að ýmis minniháttar atriði sem varða staðbundna landnotkun eða einstök stefnuákvæði gætu komið til endurskoðunar eða gera þyrfti leiðréttingar á. Í inngangi umræddrar verklýsingar sagði: „Þar sem um umfangsmiklar og margþættar breytingar á aðalskipulaginu er að ræða, sem þarf að gefa góðan tíma, er gert ráð fyrir þeim möguleika að afmarkaðir þættir breytinga verði kynntar og afgreiddar í áföngum, eftir því sem vinnunni miðar og forsvaranlegt er að gera.“


Á grundvelli þessa er lögð fram til kynningar drög að minniháttar breytingu á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins (sjá mynd 1), er varðar hafnargarð við smábátahöfn Snarfara við Naustavog, í Elliðaársvogi. Ætlunin var að gera grein fyrir þessari færslu varnargarðs þegar breyttur þéttbýlisuppdráttur vegna umræddrar aðalskipulagsbreytingar yrði kynntur, en nú liggur fyrir að því ferli er að seinka. Til tryggja að hægt verði að fara í framkvæmdir á hafnargarðinum og smábátahöfninni með haustinu, var ákveðið að taka þessu litlu breytingu út og auglýsa sem staka breytingu.

Fyrir liggur viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar og Snarfara, félags skemmtibátaeigenda, frá vorinu 2018, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu, meðal annars lengingu umrædds hafnargarðs (sjá Viðauka). Einnig liggur fyrir tillaga að breyttu deiliskipulagi við Naustavog, þar sem gerð er grein fyrir færslu hafnargarðsins (sjá mynd 2)

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingin er einnig það óverulega að ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisáhrif hennar, sbr. 12. gr. skipulagslaganna. Drög að breytingu verða send skilgreindum hagsmunaaðilum en meðal þeirra eru Hafrannsóknarstofnun og Stangveiðifélag Reykjavíkur. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í deiliskipulagi



1. mynd. Landnotkun í Elliðaársvogi á þéttbýlisuppdrætti samkvæmt gildandi stefnu AR2010-2030. Breytingin varðar lítilsháttar breytingu á útfærslu sjóvarnargarðs við höfn Snarfara við Naustavog.




2. mynd. Tillaga að deiliskipulagi Vogabyggðar 5 við Fleyvang. Samkvæmt tillögu er gert ráð fyrir að hafnargarður við smábátahöfn verði breytt og hann færður utar. Heildarstærð garðs verður svipuð fyrir og eftir breytingu. Flotbryggjur við smábátahöfnina verða lengdar til norðurs.

## 2 Markmið og tilgangur breytingar

Að bæta aðstöðu fyrir smábáta við höfnina við Naustavog, með færslu hafnargarðs og fjölgun flotbryggja.

## 3 Breytingartillaga (drög)

Breytingin nær einvörðungu til þéttbýlisuppdráttar (1:20.000), samanber lýsingu hér að neðan. Ekki er ástæða til að uppfæra önnur skjöl aðalskipulagsins. Myndin sýnir breytta legu hafnargarðs.



## 4 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og önnur stefnukjöl

Breytingin varðar ekki stefnuákvæði svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins en samræmist vel megin markmiðum þess og megin markmiðum gildandi aðalskipulags Reykjavíkur. Breytingin hefur ekki áhrif á stefnumörkun eða ákvæði í öðrum opinberum stefnuskjöllum.

## 5 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna umfangsmikillar aðalskipulagsbreytingar vegna stefnu um íbúðarbyggð, var samþykkt í borgarráði þann 20. júní 2019. Drög að aðalskipulagsbreytingu sem hér eru kynnt eru grundvölluð á henni en þau ná einvörðungu til þessarar minniháttar breytingar á hafnargarði í Elliðaárvogi, eins og vikið er að í inngangi. Drögin eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga og verða send til valdra umsagnaraðila (sjá hér að neðan). Stefnt er að því að samþykkja

tillögu í auglýsingu fyrir lok júní 2020. Drögin verða einnig kynnt á vefnum og auglýst til kynningar í fjölmiðli.

Gögn verða send sérstaklega á neðangreinda umsagnaraðila:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins  
Kópavogsbær  
Garðabær  
Hafnarfjarðarkaupstaður  
Seltjarnarneskaupstaður  
Mosfellsbær  
Kjósarhreppur  
Önnur nágrannasveitarfélög  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Náttúrufræðistofnun  
Hafrannsóknarstofnun  
Orkustofnun  
Veðurstofan  
Veitur  
Borgarsögusafn  
Íbúaráð Laugardals  
Stangveiðifélag Reykjavíkur

## **6 Viðauki**

*Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Snarfara, dagsett, 4. maí 2018*



## Viljayfirlýsing

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík og Snarfari félag skemmtibátaeigenda, kt. 630975-0189, Naustavogi 15, 104 Reykjavík, lýsa hér með yfir vilja sínum til að vinna að breytingum á núverandi deiliskipulagi fyrir Fleyvang, þar sem félagið er nú með aðstöðu og skemmtibátahöfn, að gefa út nýjan lóðarleigusamning um lóðina og um samstarf að uppbyggingu hafnarmannvirkja í samræmi við eftirfarandi:

1. **Nýtt deiliskipulag.** Reykjavíkurborg er nú að láta vinna nýtt deiliskipulag að Fleyvangi - Vogabyggð 5, sem grundvallað er á rammaskipulagi fyrir Vogabyggð. Nýja deiliskipulagið verður byggt á meðfylgjandi hugmynd að nýtingu svæðisins, sem er fylgiskjal nr. 1 með viljayfirlýsingu þessari.

2. **Svæði félagsins.** Athafnasvæði félagsins verður annars vegar lóðin Naustavogur 15 og hins vegar smábátahöfnin - hafnarmannvirki. Áætlað er að lóðin verði um 25.500m<sup>2</sup> að stærð og smábátahöfnin um 31.500m<sup>2</sup>. Mörk lóðar og smábátahafnar eru sýnd að fylgiskjali nr. 1.

Stærð og staðsetning lóðarinnar og hafnarinnar verður nánar ákveðin í deiliskipulagi, sem nú er unnið að. Kvaðir verða á lóðinni m.a. um legu holræsis, graftarrétt fyrir lagnir o.fl. og aðkomu að skólpdælustöð.

3. **Uppbygging á lóð.** Auk núverandi bygginga verði félaginu heimilt í nýju deiliskipulagi að byggja á lóðinni nýtt félagsheimili, geymsluhúsnæði og að stækka núverandi verkstæði. Áætluð staðsetning mannvirkjanna er sýnd á fylgiskjali nr. 1.

Uppbygging á lóðinni og nýting hennar skal vera í samræmi við væntanlegt deiliskipulag. Stæði fyrir báta skulu vera úr burðarhæfu efni og skal bátum raðað þar snyrtilega. Óheimilt er að geyma á bátastæðum annað en báta og bátakerrur. Félagið skal setja sérstakar umgengisreglur um lóð og hafnarsvæði og sjá til þess að þeim verði framfylgt.

Girða skal lóðina meðfram við fyrirhugum gangstígum milli lóðar félagsins og fyrirhugaðrar skólalóðar og út á tangann austan við fyrirhugaða skólpdælustöð. Girðingarstæðið er sýnt á fylgiskjali nr. 1. Almenningskal heimiluð umferð inn á lóðina skv. nánari samkomulagi milli aðila.

4. **Hafnarsvæðið.** Í deiliskipulagstillögu verður miðað við að hafnarsvæðið verður stækkað og að lega núverandi hafnargarðs verði breytt til samræmis við hugmynd á fylgiskjali nr. 1. Hluti hafnarsvæðisins verður dýpkaður í mínus 1,5 metra miðað við stórstraumsfjöru og heimilt verður að lengja núverandi flotbyggjur.

5. **Innsiglingarrenna.** Áformað er að núverandi innsiglingarrenna að höfninni verði dýpkuð í mínus 2 metra miðað við stórstraumsfjöru. Reykjavíkurborg mun annast viðhald innsiglingarrennunnar.

6. **Skipting kostnaðar.** Reykjavíkurborg mun kosta flutning og lengingu hafnargarðs sbr. 4. tl. viljayfirlýsingar þessarar, svæðið er brúnmerkt á fylgiskjali nr. 1, kosta dýpkun á innsiglingarennu, sbr. 5. tl., dýpkun á hluta hafnarinnar, dýpunarsvæðið er brúnmerkt á fylgiskjali nr. 1, sbr. 4. tl., kosta flutning og gerð girðingar á lóðarmörkum og flutning núverandi aksturshliðs.

Hljóðmön utan lóðar verður á vegum Reykjavíkurborgar.

Aðrar framkvæmdir á lóðinni og innan hafnarinnar eru á vegum Snarfara.

7. **Framkvæmdir.** Reykjavíkurborg stefnir að því að dýpkunarframkvæmdir á innsiglingarrennu verði framkvæmdar á þessu ári og að ráðist verði í breytingu á hafnargarði og dýpkun að hluta innan hafnar, sbr. 4. tl., þegar nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt. Samráð skal haft við félagið um framkvæmdir á svæðinu á vegum Reykjavíkurborgar og Veitna ohf.

8. **Skólþælustöð - lóð.** Innan núverandi lóðar verður gert ráð fyrir á sérstakri lóð fyrir nýja skólþælustöð Veitna ohf. Lóðin verði um 900m<sup>2</sup> að stærð. Staðsetning lóðarinnar og stærð fyrirhugaðs mannvirkis er sýnd á fylgiskjali nr.1. Veitum ohf. skal tryggð góð akstursaðkoma að skólþælustöðinni.

9. **Lóðasamningur.** Þegar nýtt deiliskipulag fyrir svæðið hefur verið staðfest mun Reykjavíkurborg gefa út nýjan lóðarleigusamning fyrir lóðina Naustavog 15 sem gildi til 50 ára.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda áfram ákvæði leigusamnings og úthlutunarskilmálar fyrir lóðina sem samþykktir voru á fundi borgarráðs þann 7. mars 1986 og viðauki við þann samning dags. 21. mars 2007.


Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan þriggja ára frá undirskrift viljayfirlýsingar þessarar er hvorum aðila um sig heimilt að fella hana úr gildi.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs 22. mars 2018.

Reykjavík 4. maí 2018

*Melinda Helgus*  
F.h. Snarfara félags skemmtibátaeigenda

F.h. Reykjavíkurborgar  
Dagur B. Eggerðsson, kt. 1906775739



Vitundarvottar:

*Ólafur Þ. Þorsteinsson* 180245-4988  
*Ólafur F. Huldursson* 050647-3829

Fylgiskjal: Hugmynd að uppbyggingu svæðis Snarfara, teikning.



# AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

## Elliðaárvogur - smábátahöfn

Strandsvæði ST9 – breyting á hafnargarði

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



**Reykjavíkurborg**  
Umhverfis og skipulagsvið

**Breyting nr.31c**  
**Júní 2020**

## Efnisyfirlit

1	Gildandi skipulag og helstu forsendur .....	3
2	Markmið og tilgangur breytingar .....	5
3	Breytingartillaga .....	5
4	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og önnur stefnukjöl .....	5
5	Afgreiðslu- og kynningarferli .....	5
6	Viðauki .....	6

# 1 Gildandi skipulag og helstu forsendur


Á síðastliðnu ári var boðuð umfangsmikil breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem lýtur einkum að endurskoðun á stefnu um íbúðarbyggð, tengslum byggðapróunar við Borgarlínu, húsnæðisstefnu og vaxtarforsendum um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis (sjá verklýsingu, adalskipulag.is). Í verklýsingunni var einnig tekið fram að ýmis minniháttar atriði sem varða staðbundna landnotkun eða einstök stefnuákvæði gætu komið til endurskoðunar eða gera þyrfti leiðréttingar á. Í inngangi umræddrar verklýsingar sagði: „Þar sem um umfangsmiklar og margþættar breytingar á aðalskipulaginu er að ræða, sem þarf að gefa góðan tíma, er gert ráð fyrir þeim möguleika að afmarkaðir þættir breytinga verði kynntar og afgreiddar í áföngum, eftir því sem vinnunni miðar og forsvaranlegt er að gera.“

Á grundvelli þessa er lögð fram tillaga að minniháttar breytingu á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins (sjá mynd 1), er varðar hafnargarð við smábátahöfn Snarfara við Naustavog, í Elliðaárvogi. Ætlunin var að gera grein fyrir þessari færslu varnargarðs þegar breyttur þéttbýlisuppdráttur vegna umræddrar aðalskipulagsbreytingar yrði kynntur, en nú liggur fyrir að því ferli er að seinka. Til tryggja að hægt verði að fara í framkvæmdir á hafnargarðinum og smábátahöfninni með haustinu, var ákveðið að taka þessu litlu breytingu út og auglýsa sem staka breytingu.


Fyrir liggur viljayfirlýsing milli

Reykjavíkurborgar og Snarfara, félags skemmtibátaeigenda, frá vorinu 2018, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu, meðal annars lengingu umrædds hafnargarðs (sjá Viðauka). Einnig liggur fyrir tillaga að breyttu deiliskipulagi við Naustavog, þar sem gerð er grein fyrir færslu hafnargarðsins (sjá mynd 2).

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingin er einnig það óverulega að ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisáhrif hennar, sbr. 12. gr. skipulagslaganna. Drög að breytingu voru send skilgreindum hagsmunaaðilum en meðal þeirra eru Hafrannsóknarstofnun og Stangveiðifélag Reykjavíkur. Við lengingu á hafnargarðinum og dýpkun smábátahafnar Snarfara er mikilvægt að tímasetja framkvæmdir utan við göngutíma laxfiska og áls. Í fyrri umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna deiliskipulagsgerðar, dagsett 18. nóvember 2018 (sjá Viðauka) var lagt til að framkvæmdatími verði innan tímabilsins 1. nóvember til 1. apríl. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í deiliskipulagi.



1. mynd. Landnotkun í Elliðaárvogi á þéttbýlisuppdrætti samkvæmt gildandi stefnu AR2010-2030. Breytingin varðar lítilsháttar breytingu á útfærslu sjóvarnargarðs við höfn Snarfara við Naustavog.



2. mynd. Tillaga að deiliskipulagi Vogabyggðar 5 við Fleyvang. Samkvæmt tillögu er gert ráð fyrir að hafnargarður við smábátahöfn verði breytt og hann færður utar. Heildarstærð garðs verður svipuð fyrir og eftir breytingu. Flotbryggjur við smábátahöfnina verða lengdar til norðurs. Áformað er að núverandi innsiglingarrenna að höfninni verði dýpuð í mínus 2 metra miðað við stórstraumsfjöru.

## 2 Markmið og tilgangur breytingar

Að bæta aðstöðu fyrir smábáta við höfnina við Naustavog, með færslu hafnargarðs og fjölgun flotbryggja.

## 3 Breytingartillaga

Breytingin nær einvörðungu til þéttbýlisuppdráttar (1:20.000), samanber lýsingu hér að neðan. Ekki er ástæða til að uppfæra önnur skjöl aðalskipulagsins. Myndin sýnir breytta legu hafnargarðs.



## 4 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og önnur stefnukjöl

Breytingin varðar ekki stefnuákvæði svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins en samræmist vel megin markmiðum þess og megin markmiðum gildandi aðalskipulags Reykjavíkur. Breytingin hefur ekki áhrif á stefnumörkun eða ákvæði í öðrum opinberum stefnuskjöllum.

## 5 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing vegna umfangsmikillar aðalskipulagsbreytingar vegna stefnu um íbúðarbyggð, var samþykkt í borgarráði þann 20. júní 2019. Aðalskipulagsbreyting sem hér er kynnt er grundvölluð á henni en tillagan nær einvörðungu til þessarar minniháttar breytingar á hafnargarði í Elliðaárvogi, eins og vikið er að í inngangi.

Drög að tillögu voru kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga, að undangenginni kynningu í skipulags- og samgönguráði 3. júní sl., send til valdra umsagnaraðila, auglýst í fjölmiðli, kynnt á



vefnum og með opnu húsi/viðtalstíma þann 18. júní. Framkomnar umsagnir leiða ekki til breytinga á tillöggunni, en bætt hefur verið upplýsingum vegna fyrirhugaðrar dýpkunar vegna framkvæmdanna (sjá mynd 2), sbr. umsögn Hafrannsóknarstofnunar dagsett frá 5. júní 2020. Allar umsagnir verða lagðar fram á ný við lokaafgreiðslu tillögunnar ásamt athugasemdum sem berast á formlegum auglýsingatíma.

Gögn eru send sérstaklega á neðangreinda umsagnaraðila:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins  
Kópavogsbær  
Garðabær  
Hafnarfjarðarkaupstaður  
Seltjarnarneskaupstaður  
Mosfellsbær  
Kjósarhreppur  
Önnur nágrannasveitarfélög  
Umhverfisstofnun  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Náttúrufræðistofnun  
Hafrannsóknarstofnun  
Orkustofnun  
Veðurstofan  
Veitur  
Borgarsögusafn  
Íbúaráð Laugardals  
Stangveiðifélag Reykjavíkur

## **6 Viðauki**

*Viljayfirlýsing Reykjavíkurborgar og Snarfara, dagsett, 4. maí 2018*

*Umsagnir og athugasemdir*

## Viljayfirlýsing

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík og Snarfari félag skemmtibátaeigenda, kt. 630975-0189, Naustavogi 15, 104 Reykjavík, lýsa hér með yfir vilja sínum til að vinna að breytingum á núverandi deiliskipulagi fyrir Fleyvang, þar sem félagið er nú með aðstöðu og skemmtibátahöfn, að gefa út nýjan lóðarleigusamning um lóðina og um samstarf að uppbyggingu hafnarmannvirkja í samræmi við eftirfarandi:

1. **Nýtt deiliskipulag.** Reykjavíkurborg er nú að láta vinna nýtt deiliskipulag að Fleyvangi - Vogabyggð 5, sem grundvallað er á rammaskipulagi fyrir Vogabyggð. Nýja deiliskipulagið verður byggt á meðfylgjandi hugmynd að nýtingu svæðisins, sem er fylgiskjal nr. 1 með viljayfirlýsingu þessari.

2. **Svæði félagsins.** Athafnasvæði félagsins verður annars vegar lóðin Naustavogur 15 og hins vegar smábátahöfnin - hafnarmannvirki. Áætlað er að lóðin verði um 25.500m<sup>2</sup> að stærð og smábátahöfnin um 31.500m<sup>2</sup>. Mörk lóðar og smábátahafnar eru sýnd að fylgiskjali nr. 1.

Stærð og staðsetning lóðarinnar og hafnarinnar verður nánar ákveðin í deiliskipulagi, sem nú er unnið að. Kvaðir verða á lóðinni m.a. um legu holræsis, graftarrétt fyrir lagnir o.fl. og aðkomu að skólpdælustöð.

3. **Uppbygging á lóð.** Auk núverandi bygginga verði félaginu heimilt í nýju deiliskipulagi að byggja á lóðinni nýtt félagsheimili, geymsluhúsnæði og að stækka núverandi verkstæði. Áætluð staðsetning mannvirkjanna er sýnd á fylgiskjali nr. 1.

Uppbygging á lóðinni og nýting hennar skal vera í samræmi við væntanlegt deiliskipulag. Stæði fyrir báta skulu vera úr burðarhæfu efni og skal bátum raðað þar snyrtilega. Óheimilt er að geyma á bátastæðum annað en báta og bátakerrur. Félagið skal setja sérstakar umgengisreglur um lóð og hafnarsvæði og sjá til þess að þeim verði framfylgt.

Girða skal lóðina meðfram við fyrirhugum gangstígum milli lóðar félagsins og fyrirhugaðrar skólalóðar og út á tangann austan við fyrirhugaða skólpdælustöð. Girðingarstæðið er sýnt á fylgiskjali nr. 1. Almenningskal heimiluð umferð inn á lóðina skv. nánari samkomulagi milli aðila.

4. **Hafnarsvæðið.** Í deiliskipulagstillögu verður miðað við að hafnarsvæðið verður stækkað og að lega núverandi hafnargarðs verði breytt til samræmis við hugmynd á fylgiskjali nr. 1. Hluti hafnarsvæðisins verður dýpkaður í mínus 1,5 metra miðað við stórstraumsfjöru og heimilt verður að lengja núverandi flotbyggjur.

5. **Innsiglingarreanna.** Áformað er að núverandi innsiglingarreanna að höfninni verði dýpkuð í mínus 2 metra miðað við stórstraumsfjöru. Reykjavíkurborg mun annast viðhald innsiglingarennunnar.

6. **Skipting kostnaðar.** Reykjavíkurborg mun kosta flutning og lengingu hafnargarðs sbr. 4. tl. viljayfirlýsingar þessarar, svæðið er brúnmerkt á fylgiskjali nr. 1, kosta dýpkun á innsiglingarennu, sbr. 5. tl., dýpkun á hluta hafnarinnar, dýpunarsvæðið er brúnmerkt á fylgiskjali nr. 1, sbr. 4. tl., kosta flutning og gerð girðingar á lóðarmörkum og flutning núverandi aksturshliðs.

Hljóðmön utan lóðar verður á vegum Reykjavíkurborgar.

Aðrar framkvæmdir á lóðinni og innan hafnarinnar eru á vegum Snarfara.

7. **Framkvæmdir.** Reykjavíkurborg stefnir að því að dýpkunarframkvæmdir á innsiglingarrennu verði framkvæmdar á þessu ári og að ráðist verði í breytingu á hafnargarði og dýpkun að hluta innan hafnar, sbr. 4. tl., þegar nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt. Samráð skal haft við félagið um framkvæmdir á svæðinu á vegum Reykjavíkurborgar og Veitna ohf.

8. **Skólþælustöð - lóð.** Innan núverandi lóðar verður gert ráð fyrir á sérstakri lóð fyrir nýja skólþælustöð Veitna ohf. Lóðin verði um 900m<sup>2</sup> að stærð. Staðsetning lóðarinnar og stærð fyrirhugaðs mannvirkis er sýnd á fylgiskjali nr.1. Veitum ohf. skal tryggð góð akstursaðkoma að skólþælustöðinni.

9. **Lóðasamningur.** Þegar nýtt deiliskipulag fyrir svæðið hefur verið staðfest mun Reykjavíkurborg gefa út nýjan lóðarleigusamning fyrir lóðina Naustavog 15 sem gildi til 50 ára.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda áfram ákvæði leigusamnings og úthlutunarskilmálar fyrir lóðina sem samþykktir voru á fundi borgarráðs þann 7. mars 1986 og viðauki við þann samning dags. 21. mars 2007.


Hafi nýtt deiliskipulag ekki verið staðfest innan þriggja ára frá undirskrift viljayfirlýsingar þessarar er hvorum aðila um sig heimilt að fella hana úr gildi.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs 22. mars 2018.

Reykjavík 4. maí 2018

*Melinda Helgus*  
F.h. Snarfara félags skemmtibátaeigenda

F.h. Reykjavíkurborgar  
Dagur B. Eggerðsson, kt. 1906775739



Vitundarvottar:

*S. Jón* 180245-4988  
*Ólafur F. Huldursson* 050647-3829

Fylgiskjal: Hugmynd að uppbyggingu svæðis Snarfara, teikning.

Reykjavíkurborg  
B.t. Haraldur Sigurðsson  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík



Hafnarfjörður, 05.06.2020

MFRI: 2020-06-0120

**Efni: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Elliðaárvogur, smábátahöfn. Drög að tillögu til kynningar**

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar dags. 3. júní 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um drög að tillögu vegna aðalskipulagsbreytinga í Elliðaárvogi. Til stendur að breyta hafnargarðinum með því að lengja hann og fjarlægja eldri garð. Markmið framkvæmdanna er að bæta aðstöðu smábáta við höfn Snarfara í Naustavogi.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og minnir á fyrri umsögn frá 19. nóvember 2018 (*Umsögn vegna deiliskipulags Vogabyggðar, svæði 5, Reykjavík*).

Fram kemur í viljayfirlýsingu þessa erindis að til standi að dýpka innsiglingarrennuna og hafnarsvæðið vegna framkvæmdanna. Mikilvægt er að upplýsingar um þessar framkvæmdir fylgi með á næstu stigum aðalskipulagsbreytinganna áður en þær eru samþykktar. Þetta er mikilvægt vegna göngufiska við ósa Elliðaána.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Rakel Guðmundsdóttir*

Rakel Guðmundsdóttir



Umhverfis og skipulagssvið  
Reykjavíkur

Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Þorlákshöfn 5.6.2020  
Málsnúmer: 2006011 GJ  
Kt. umsk. 5901697579

Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn, Iceland  
+354 480 3800 [olfus.is](http://olfus.is)

**Efni:**

**Afgreiðsla Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss vegna erindis yðar:**

Á 108 fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss þann 18.6.2020 var neðangreint erindi yðar tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

**Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur - Snarfarahöfn**

*Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur biður um umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi, núna er um breytingu á smábátahöfn Snarfara í Elliðavogi.*

*Afgreiðsla: Umhverfis og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna og felur Skipulagsfulltrúa að svara í samræmivið fyrirliggjandi drög að umsögn*

**Sveitarfélagið Ölfus gerir ekki athugasemd við breytingartillöguna**

Afgreiðsla Skipulags- og umhverfisnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður yður gert viðvart ef hún verður á annan veg en hér er tilkynnt.

Virðingarfyllst,

---

Gunnlaugur Jónasson  
Skipulagsfulltrúi Ölfuss

**Frá:** Ásta Stefánsdóttir <[asta@blaskogabyggd.is](mailto:asta@blaskogabyggd.is)>  
**Sent:** fimmtudagur, 18. júní 2020 16:58  
**Til:** Haraldur Sigurðsson <[haraldur.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:haraldur.sigurdsson@reykjavik.is)>  
**Efni:** 2006024 - aðalskipulagsbreyting hafnargarðurur

Góðan dag

Eftirfarandi var bókað á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, sem haldinn var í dag:

### **Aðalskipulagsbreytingar Reykjavíkurborgar - 2006024**

Erindi deildarstjóra aðalskipulags, dags. 3. júní 2020, varðandi breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi hafnargarð við smábátahöfn Snarfara.

*Lagt fram til kynningar.*

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

*Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.*

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
bt. Haraldar Sigurðssonar, deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík  
[haraldur.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:haraldur.sigurdsson@reykjavik.is)

Dags. 22.06.2020  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2018-0113  
0.5.1

Með erindi dags. 3. júní sl. óskaði umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir athugasemdum Veðurstofu Íslands við drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem felur í sér lítilsháttar breytingar á hafnargarði við smábátahöfn Snarfara.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við tillögudrög þessi.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ

## USK Skipulag

---

**Frá:** Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>  
**Sent:** mánudagur, 22. júní 2020 13:45  
**Til:** Haraldur Sigurðsson  
**Afrit:** USK Skipulag  
**Efni:** Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Elliðaárvogur, smábátahöfn. Drög að tillögu til kynningar  
**Viðhengi:** Trausti%20Baldursson\_files/image001.gif

Tilvísun í málsnr. 202006-0006 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, dags. 3. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Um er að ræða breytingar á hafnargarði við smábátahöfn Snarfara.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tillöguna. Eins og kemur fram er lagt til að breyta hafnargarði við smábátahöfnina þannig að „nyrsti“ hluti núverandi garðs verður fjarlægður, garðurinn sem liggur suður norður verður lengdur og nýr styttri garður byggður þvert nyrst. Flotbyggjur innan garðsins verða lengdar til norðurs.

Náttúrufræðistofnun telur ekki líklegt að umrædd breyting valdi miklum beinum áhrifum umfram það sem nú þegar er komið fram. Stofnunin leggur áherslu á að ekki sé sífellt verð að raska ósum Elliðaár og að framkvæmdir fari ekki fram á viðkvæmum göngutímum laxa/seiða.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>  
**To:** "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "skipulag@kopavogur.is" <skipulag@kopavogur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "jon@ssh.is" <jon@ssh.is>; "Guðbrandur Benediktsson" <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísa Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "Íbúaráð Laugardalur" <ibuarad.laugardalur@reykjavik.is>; "svfr@svfr.is" <svfr@svfr.is>





Reykjavík, 24.06.2020  
2020010033/KaH

Haraldur Sigurðsson  
Skipulagsfræðingur (Msc.)  
Deildarstjóri aðalskipulags  
Umhverfis- og skipulagssviði  
Reykjavíkurborgar

**Efni: Aðalskipulagsbreytin í Reykjavík. Elliðaárvogur - smábátahöfn. Drög að tillögu.  
Umsögn frá Vegagerðinni.**

Til stendur að fara í minniháttar breytingu á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags um landnotkun í Elliðaárvogi. Breytingin varðar útfærslu sjóvarnargarðs við höfn Snarfara við Naustavog. Stefnt er að framkvæmdum í haust og felast þær í tilfærslu á hafnargarði og lengingu á flotbryggju. Tilgangur breytinga er að bæta aðstöðu við höfnina við Naustavog.

Vegagerðin gerir engar athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Katrín Halldórsdóttir

verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2020  
UST202006-064/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Drög – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 – Elliðaárvogur – smábátahöfn**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 fyrir smábátahöfn í Elliðaárvogi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin, sem er minni háttar, gengur út á að hafnargarði við smábátahöfnina verði breytt og hann færður utar. Eldri garður, sem er um 0,28 ha, er felldur út og nýr garður, sem verður um 0,27 ha, verður gerður norðar á svæðinu.

#### **Rask**

Þó svo að aðalskipulagsbreytingin sé minniháttar eru framkvæmdir á svæðinu þó nokkrar. Í greinargerð kemur fram að áformað er að hluti hafnarsvæðisins verði dýpkaður og núverandi innsiglingarrenna að höfninni verði dýpkuð. Í greinargerð kemur ekki fram hvaða aðferðum verði beitt við dýpkunarframkvæmdir og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess þar sem um er að ræða viðkvæmt svæði og að við framkvæmdir verði raski haldið í lágmarki.

#### **Fiskgengd**

Umhverfisstofnun telur æskilegt að haft sé samráð við Hafrannsóknastofnun og það sé metið í tillögunni hver áhrif landfyllingar, m.a. þrengingar á svæðinu, verði á fiskgengd í Elliðaárnar.

#### **Mengandi efni**

Í mati á umhverfisáhrifum landfyllingar í Elliðaárvogi kom fram að við greiningar á mengunarefnum í botnseti mældust hækkuð gildi á TBT og í áliti Skipulagsstofnunar frá 17. mars 2017 var m.a. sett það skilyrði að gengið yrði úr skugga um hættu á mengun úr neðri lögum botnsets í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Umhverfisstofnun telur því að skoða verði fyrirhugað dýpkunarsvæði m.t.t. styrks mengandi efna.

### Samlegðaráhrif - lífríki

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem Elliðaárvogurinn nær til er viðkvæmt og með hátt verndargildi á margan hátt. Á svæðinu eru leirur sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar er mikilvægt fuglasvæði samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands og er Elliðaárvogur á tillögu að B-hluta framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að sammögnunaráhrif séu metin, þar sem tekið sé tillit til umhverfisáhrifa annarra framkvæmda í Elliðaárvoginum, sérstaklega framkvæmda við fyrirhugaða Vogabyggðar- og Borgarlínu.

### Leyfi

Í gögnum, sem fylgja tillögu að breytingu á aðalskipulagi, kemur ekki fram hvernig staðið verði að framkvæmdum vegna breytinga á varnargarðinum. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að varp dýpkunarefna í hafið er háð leyfi stofnunarinnar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Notkun efnis í opna landfyllingu telst vera varp í hafið samkvæmt 4.gr. í leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis (sem eru aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar) og því leyfisskylt.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin afgreiddi umsókn frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 18. mars. sl. þar sem veitt var leyfi til að varpa 5.400 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni í efnisnámuna við Engey. Framkvæma átti dýpkunina með gröfu, moka efninu upp á pramma og flytja af staðnum. Þann 24. mars barst stofnuninni tilkynning um breytt verklag við dýpkunina og nýjan losunarstað en samkvæmt því yrði dýpkunarefnið losað á bakka á hafsbotni og sléttað út á allt að 18 m breiðu svæði rétt innan við (sunnan við) innsiglingarrennuna í stað þess að losa það við Engey. Umhverfisstofnun féllst ekki á að veita leyfi til að varpa dýpkunarefni í hafið samkvæmt breyttu fyrirkomulagi og breytingu á losunarstað sbr. bréf stofnunarinnar dags. 2. apríl sl.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Tilvísun í mál: 2020060215

Hér meðfylgjandi er umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur- breytingar á hafnargarði við smábátahöfn Snarfara.

Kveðja,  
Svava S. Steinarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Vöktun

---

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík  
Sími: 411 1111  
Tölvupóstur: [svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is](mailto:svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is)  
[www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit](http://www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit)

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

## Bréf

---

Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. júní 2020  
2020060215

### **Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur- breytingar á hafnargarði við smábátahöfn Snarfara**

Vísað er til tölvubréfs deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags Reykjavíkur dags. 3. júní 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Áformuð breyting felur í sér lítilsháttar breytingar á hafnargarði við smábátahöfn Snarfara. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

Að mati HER þarf að kanna vel hvort færsla hafnargarðsins hefur áhrif á strauma á svæðinu og hvaða áhrif það gæti haft á lífríki Elliðaáa, sérstaklega laxfiska. Sérstaklega þarf að huga að áhrifum á framkvæmdatíma. Breytingin sem slík er ekki háð mati á umhverfisáhrifum en HER bendir á að svæðið allt er undir miklu álagi vegna fjölda framkvæmda og eðlilegt væri að meta áhrif allra framkvæmda á Elliðaár og ósasvæðið í heild sinni.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

---

Svava S. Steinarsdóttir